

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Félag tónlistarþróunarmiðstöðvar (hér eftir nefnt TÞM) kt. 700702-2270 gera með sér svohljóðandi:

### **Samning vegna:**

### **Starfsemi á árunum 2022 - 2024**

#### **1. gr.**

Samningur þessi er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og TÞM á liðnum árum.

TÞM sinnir þjónustu við unga og óreynda tónlistarmenn og lengra komna. Umsjón og fræðslu á sviði tónlistarflutnings. Tæknileg aðstoð við æfingar og tónleikahald. Ráðgjöf við upptökur og útgáfu á tónlist. Viðhald og viðgerðir á hljóðfærum. Tónleikahald og viðburðir og flest það sem hvetur til tónlistarsköpunar.

#### **2. gr.**

TÞM skal skila íprótta- og tómsundarsviði (hér eftir nefnt ÍTR) ársreikningi og starfsskýrslu þar sem fram kemur framvinda verkefnisins fyrir lok hvers árs í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Skili TÞM ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. apríl fellur samningurinn úr gildi og Reykjavíkurborg er heimilt að krefja TÞM um endurgreiðslu þess sem þegar hefur verið greitt.

TÞM skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og skal hafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

#### **3. gr.**

Veittur er styrkur til TÞM fyrir árin 2022, 2023 og 2024 að fjárhæð kr. 9.000.000.-, eða 3.000.000 á hvert, vegna rekstrar. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvert:

1. maí	1.500.000.-
1. sept.	1.500.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-05-361971. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

#### **3.gr.**

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir Reykjavíkurborg er hjá ÍTR. Abyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd TÞM er Daniel Pollock, formaður félagsins.

#### **4.gr.**

TÞM skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. TÞM er skylt að

kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagráðum Reykjavíkurborgar hvenær sem þess er óskað án sérstakrar þóknunar.

### 5.gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu TÞM. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu borgarinnar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### Framsal

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2022 og gildir til 31. desember 2024. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, , \_\_\_\_ nóvember 2021

---

F.h. TÞM

---

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar: